



Æskulýðsskýrsla Fáks 2016 - 2017



INNGANGUR

Veturinn 2016-2017 var skemmtilegur og fjörugur hjá krökkunum í Fáki. Veturinn leið fremur hratt en það vill oft verða þegar mikið er fyrir stafni. Fákskrakkarnir okkar eru mörg og á öllum aldri, því reynum við að bjóða uppá dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi hvort sem það er námskeið, keppni, leikur eða almennir reiðtúrar.

Æskulýðsnefnd Fáks 2016-2017:

Elsa Blöndal Sigfúsdóttir, formaður

Ásbjörn Arnarsson

Ástvaldur Sigurðsson

Guðlaug Guðjónsdóttir

Hildur Gunnarsdóttir

Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Sigrún Alda Sveinsdóttir

Þórunn Eggertsdóttir

VIÐBURÐIR

Það hefur ýmislegt verið brasað þennan veturinn og verða hér á eftir taldir upp helstu viðburðir:

UPPSKERUHÁTÍÐ ÆSKUNNAR

Æskulýðsnefndin hélt Uppskeruhátíð æskulýðsdeildar Fáks þann 30. nóvember 2016 með pomp og prakt. Hefð er fyrir því á uppskeruhátíð barna og unglunga að hafa mikið við. Á hátíðarkvöldinu voru dúkuð borð, kvöldverður, fræðsla, skemmtiatriði og verðlaunaafhending. Þarna koma saman og njóta stundarinnar börn, unglingar og foreldrar.

Hin þaulreynda hestakona, Hulda Gústafsdóttir, nýkrýnd íþróttaknapi ársins 2016, kom og hélt skemmtilegan og fræðandi fyrirlestur þar sem hún stiklaði á stóru um sína hestamennsku. Það var gaman að

heyra hvernig hestamennska hennar byrjaði og hefur þróast í gegnum tíðina.

Verðlaunaafhendingin var á sínum stað og voru knapar heiðraðir fyrir góðan keppnisárangur, góða ástundun og framfarir og einnig fengu landsmótsþátttakendur sérstakt viðurkenningarskjal frá formanni Fáks.

Trúbadorinn Magnús Kjartan Eyjólfsson kom og hélt uppi miklu fjöri. Þar sem hann tók á móti óskalögum og sungu allir hástöfum með.



JÓLABALL

Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu Fákur, Sprettur, Hörður, Sóti og Sörli halda sameiginlegt jólaball og að þessu sinni var það haldið í Félagsheimili Fáks þann 29. desember. Þar var dansað í kringum jólatréð og jólasveinar mættu að vanda með



góðgæti í poka. Mikill fjöldi barna og aðstandenda, allsstaðar að, komu, dönsuðu, sungu og skemmtu sér vel.

POLLARNIR

Við í æskulýðsnefndinni erum afar hreykin af pollastarfi Fáks. En það er Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Anna Lauga, sem hefur umsjón með þessum flotta hópi. Hún hefur einstakt lag að ná til barnanna og gerir hvern hitting skemmtilegan og áhugaverðan. Pollahópurinn byrjaði vetrarstarfið á hittingi í nóvember þar sem farið var í leiki, dagskrá vetrarins kynnt og hópurinn kynntist. Næsti hittingur var jólasprell í desember og einkenndist sá tími af miklu fjöri í TM reiðhöllinni.

Í byrjun febrúar byrjaði Anna Lauga og synir, aðstoðarmenn hennar með vikulegt reiðnámskeið í TM reiðhöllinni og var sá tími alltaf mikið tilhlökkunarefni. Þegar vora tók voru farnir reiðtúrar og grillað úti í náttúrunni. Námskeiðið er mjög vel uppbyggt þar sem fimmi- og jafnvægisæfingar er fléttaðar saman við almenna reiðkennslu sem kennd er í gegnum leik og þrautir. Anna Lauga notast við ýmis leiktæki og áhöld sem eru ekki notuð í hestamennsku hjá hinum almenna reiðmanni. Skemmtilegt er að sjá þessa flottu framtíðarknappa hefja kynni sín af hestinum og byrja sína reiðmennsku með bros á vör.



PÁSKABINGÓ

Æskulýðsnefnd Fáks hefur haldið veglegt páskabingó í þó nokkur ár og var engin breyting á, árið 2017. Veglegir vinningar laða að sér marga hestamenn og aðra hvort sem um ræðir börn eða fullorðna. Við fengum fjölmarga glæsilega vinninga að gjöf frá okkar dyggu og trygggu styrktaraðilum og erum við þakklát fyrir. Stemningin var kyngimögnuð, stundum mátti heyra saumnál detta þegar beðið var eftir réttu tölunni. Að bingóleik loknum var slegið upp pizzapartý.





ÆSKAN OG HESTURINN

Hin árlega sýning Æskan og hesturinn var haldin laugardaginn 29. apríl í TM reiðhöllinni í Víðidal og voru þær tvær að venju. Sýningin var glæsileg að vanda og öll atriði fagmannlega unnin. Þar komu fram efnilegustu hestamenn landsins og sýndu afrakstur vetrarstarfsins og óhætt að segja að sýningin sé hápunktur vetrarins hjá mörgum af hinum ungu knöpum. Hópar ungra hestamanna frá hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu sýndu fjölbreytt atriði sem þeir æfðu í hverju félagi fyrir sig. Æskulýðsnefnd Fáks kom að þessum viðburði með skipuleggjendum sýningarinnar.

LÍFLANDSMÓTIÐ

Líflandsmótið hefur verið einn af stóru viðburðunum okkar í æskulýðsnefnd Fáks og var það haldið 1.maí. Þetta var góður dagur til að halda innimót þar sem rigningin var heldur blaut utandyra. Knapar voru einbeittir, stundvísir og sýndu fallegar sýningar. Lífland er sterkur bakhjarl mótsins og gaf öll verðlaun. Þökkum við Líflandi fyrir nú sem áður fyrr. Mikill metnaður er lagður í mótið, umgjörðin falleg, völlurinn skreyttur með blómum, skráningargjöld í lágmarki, sjoppa í andyrinu og dómgæsla góð. Líflandsmótið er skemmtilegt mót sem æskulýðsnefnd Fáks er stolt af að halda og var þetta 21. árið í röð.

FÁKAR OG FJÖR

Hestaíþróttaklúbbur sem gengur undir nafninu Fákar og fjör hefur verið starfræktur í Fáki í 4 ár. Stofnendur og umsjónarmenn klúbbsins eru Sif Jónsdóttir og Karen Woodrow, en þær eru báðar menntaðir reiðkennarar frá Háskólanum á Hólum. Aðalmarkmið klúbbsins er að gera börnum og unglingum í Fáki kleift að stunda hestamennsku á ársgrundvelli undir handleiðslu þjálfara líkt og aðrar íþróttir bjóða uppá. Þannig má auka færni, þekkingu og félagsleg tengsl barna og unglinga innan hestamannafélagsins Fáks.

Mikil þátttaka er í hestaíþróttaklúbbum hvort sem það eru börn eða unglingar sem hafa aðgang að sínum eigin hesti eða nýliðar sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku. Á haustönn hafa krakkarnir hesta sína í félagshesthúsi Fáks og taka þátt í allri umhirðu og fóðrun. Á vorönn eru þau ýmist í félagshesthúsinu eða sínu eigin. Þau sækja fjölbreyttar æfingar að jafnaði 2-3 sinnum í viku og geta þreytt próf í knapamerkjum á tímabilinu. Þær stöllur Sif og Karen eiga mikið hrós fyrir dugnað og góða umsjón þessa klúbbs.

ÝMIS MÓT OG KEPPNIR

Það eru mörg mótin sem pollar, börn og unglingar í Fáki geta tekið þátt í án þess að fara af félagssvæðinu. Sérstaklega er reynt að bjóða upp á pollaflokk á flestum mótum og er hann með þeim fjölmennustu. Grímutölt er alltaf jafn skemmtilegt þar sem gaman er að sjá hversu mikinn metnað knaparnir leggja í búning sinn. Vetrarleikar eru á sínum stað í dagskrá Fáks. Firmakeppnin var haldin hátíðlega á sumardaginn fyrsta og eru margir sem hafa þann skemmtilega sið að taka þátt í hvítum reiðbuxum og félagsjakka. Almennadalsmótið er orðið árlegt skemmtilegt mót. Meistaradeild Líflands og æskunnar var skemmtileg liðakeppni og mótaraðun, þar sem margir Fáksfélagar voru þátttakendur. Í boði voru mörg önnur mót t.d. Þrautabrautamót, Reykjavíkurstarameistaramótið, Gæðingamótið og Reykjavík Riders cup.





Keppnisáhugi hefur aukist mikið hjá Fáki undanfarin ár, krakkarnir hafa æft mikið og sýnt miklar framfarir í reiðmennsku. Því ber ekki síst að þakka góðu utanumhaldi, frábærum reiðkennurum, þjálfurum og áhugasömum foreldrum.

ÍSLANDSMÓT BARNNA, UNGLINGA OG UNGMENNA

Íslandsmót yngri flokka 2017 var haldið á Hólum í Hjaltadal og voru margir Fákskrakkar sem tóku þátt. Þetta var skemmtilegt mót, öll hross voru í sama húsinu, boðið var uppá tún sem hægt var að girða og mátti sjá hesta og tjaldvagna hlið við hlið. Íslenskt veður var í Hjaltadalnum og fengu krakkarnir á þessum fjórum dögum 20 stiga hita og sól sem og úrhellisrigningu og rok.

Krakkarnir í Fáki stóðu sig mjög vel, þau röðuðu sér í öll úrslit og oftast en ekki fleiri en eitt. En við eignuðumst nokkra Íslandsmeistara:

Gústaf Ásgeir Hinriksson Íslandsmeistari í F1 ungmenna og T4 ungmenna
Ylfa Guðrún Svafarsdóttir Íslandsmeistari í F2 unglunga og T4 unglunga
Hákon Dan Ólafsson Íslandsmeistari í T3 unglunga
Konráð Valur Sveinsson Íslandsmeistari í Gæðingaskeiði og 100m skeiði ungmenna
Birta Ingadóttir 1. sæti í hindrunarstökki ungmenna

Æskulýðsnefndin og Fákur bauð uppá grillveislu á tjaldsvæðinu á Hólum fyrir alla Fáksaðila á svæðinu. Úr varð skemmtilegur hittingur þar sem allir voru afslappaðir í kvöldsólinni í Skagafirðinum.

FÁKSUNGMENNI Á HM 2017

Á Heimsmeistaramótinu í sumar 2017, áttum við Fákur 2 ungmenni, þá Gústaf Ásgeir Hinriksson og Konráð Val Sveinsson. Þeir stóðu sig glæsilega á mótinu og óskum við þeim til hamingju.

Gústaf Ásgeir tryggði sér gullverðlaun í V1- fjórgangi ungmenna, silfur í samanlögðum fjórgangsgreinum ungmenna og brons í T2 - slaktaumatölti ungmenna.

Konráð Valur tryggði sér gullverðlaun í PP1- gæðingaskeiði ungmenna, silfur í P1- 250m skeiði ungmenna og silfur í P2 – 100m skeiði ungmenna.

LOKAORÐ OG ÞAKKIR

Æskulýðsdeild Fáks vill þakka öllum þeim sem studdu og styrktu okkur í vetur hvort sem það var í vinnuframlagi eða formi gjafa. Án ykkar væri ekki hægt að halda uppi skemmtilegu vetrarstarfi fyrir krakkanna okkar. Við kveðjum veturinn 2016-2017 með tilhlökkun fyrir komandi vetri og árinu 2018 fyrir okkur Fákshélagana.

Æskulýðurinn er dýrmætasta eign okkar og að honum verður að hlúa.

Kær kveðja,

F.h. Æskulýðsnefndar Fáks

Þórunn Eggertsdóttir